

Fundargerð 25/9/2023

Mættar: Ingibjörg, Elísa, Sigurveig, Fanney, Kristín, Anna Lilja.

-Upplýsingaflæði frá skólanum. Svólítið að upplifa “þetta reddast” syndrome.

-Netflix myndir sýndar í skólanum. Krakkar sérstaklega á unglingsstigi eru búin að sjá margar myndir af því þau sjá þær í skólanum. Svar skóla - Netflix ekki sýnt í skólanum, skólinn hefur ekki aðgang að streymisveitunni.

-Skjótími í frístund er það valmöguleiki á hverjum degi? Svar skólans - skjótími er mjög takmarkaður þar og undir ströngu eftirliti forstöðumanns. Stundum er iPad nýttur sem umbun þegar þarf að taka á erfiðri hegðun. Meiri er lagt upp úr frjálsum leik og útiveru.

-Símalaus vika í fyrra, skaut skökku við að biðja krakkana að taka upp símann til að hlaða einhverju appi niður. Vonandi gengur næsta símalausa vika betur.

-Aðalfundur mánudaginn 2.okt. Allar glærur klárar, takk Anna Lilja.

-Láta vita að skólinn þurfi ekki að lána salinn 5.okt fyrir fyrirlestur Samtaka 78

-Samtaka kraftlaust og skipulagsleysi. Ekki allir skólar með fulltrúa inni í Samtaka.

-Heimili og skóli, efling foreldrarstarfs, höfum ekkert frétt þar. svar skólans - Skólastjóri hefur ekkert heyrt frá fulltrúum Heimilis og skóla eftir að hún hafði samband við þá sem heimsóttu skólann í fyrravetur. Þeir ætluðu að vera í sambandi. Hún mun reyna að heyra í þeim og fá þá í samstarf og til að koma með hugmyndir til að efla foreldrasamstarf.

-Elísa, Stína og Ingibjörg hafa áhuga á að halda áfram saman í Samtaka og geta skipst á.

-Fanney óskar eftir að stíga til hliðar sem formaður og Anna Lilja væri til í að finna nýjan gjaldkera og planar “soft exit” í vetur. Sigurveig sem formaður?

-Peningar af reikningum árganga sem var verið að hreinsa. Kringum 50. þús. Spurning með að skoða hvort við getum notað peninginn í Réttindaskólahátíð.

-fært til bókar tölvupóstur sem barst gjaldkeri og formanni vegna sameiningar skóla VMA og MA. Við veltum fyrir okkur hvort verið sé að skoða framhaldið og passa tilfinninga umrótið sem kemur með. Spurning hvort sé frekar Samtaka verkefni eða umræða eigi sér frekar stað þar.

-Biðjum Kristjönu að taka út þær sem eru hættar í stjórn.

-Höldum áfram 1000 kr. bekkjarstyrk á hvert barn.

-Spurning hvort hver skóli í bænum geti fundið einn fyrirlestur og boðið öllum foreldrum bæjarins á þann fyrirlestur. Spurning hvort við komum þessu ekki til samtaka. Væri flott að hafa 2 fyrir áramót og 2 eftir áramót.

-Piparkökukvöld 15.nóv. kaupa bónus hjörtu og liti, einnota diskar og tannstöngla. Stefna á að hafa einnig lítið jólaföndur, t.d. músastiga og bókastjörnur. Hafa kakó og rjóma?

-Skynörvunardót, kósýherbergi. Heimasíðan Heimastyrkur.

-Varðandi aðalfund, biðja Kristjönu að senda póst út, búa til event og biðja um millistykki og láta stóla upp.